

Umsögn um frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum.

Umsagnaraðili: Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA)

Gert 6.-7. maí 2004

Þingmál: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003-2004)

Athugasemdir SÍA beinast f.f. að 1. grein frumvarpsins, a. lið:

Kjarninn í 1. grein frumvarpsins er sá að settar eru skýrar hömlur á það hvers konar fyrirtæki megi reka fjölmiðil á Íslandi. Stjórn Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) telur að þessa grein frumvarpsins þurfi að endurskoða. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að hætta er á að hún veiki rekstrargrundvöll þeirra fjölmiðlafyrirtækja sem verða fyrir áhrifum af þessari grein laganna. Í litlu samfélagi eins og er að finna á Íslandi er mikilvægt að fjölmiðlafyrirtæki hafi sterkan og öruggan grundvöll til að reka öflugan fjölmiðil sem tekur þátt í lýðræðislegri samfélagsumræðu.

Fjölbreytni - öryggi

Það sýnist vera eining um það í íslensku samfélagi að til að fjölmiðill geti sinnt þeirri lýðræðislegu skyldu sinni að standa vörð um fjölbreytni í skoðanaskiptum, þurfi miðillinn að hafa sterkan og öruggan rekstrargrundvöll. A liður 1. greinar frumvarpsins býr hins vegar til hömlur á umræddan rekstrargrundvöll, t.d. með 25% reglunni; að það sé "óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því.". Ákvæðið um að óheimilt sé "...að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri.", fellur í sömu átt.

Rekstrarumhverfi

Stjórn SÍA er sammála því sem bent er á í skýringum með frumvarpinu, að hætta geti falist í því þegar mörg fjölmiðlafyrirtæki safnast á fáar hendur og telur að leita þurfi stjórnkerfislegra leiða til að draga úr þessari hættu. Það getur hins vegar verið jafn varasamt að starfa í umhverfi þar sem rekstrarumhverfi fjölmiðlafyrirtækja getur kollvarpast á nokkrum vikum vegna ótryggs rekstrarumhverfis sem skapast þegar umtalsverðar hindranir í viðskiptum eru settar upp. Leikreglurnar í þessum hluta viðskiptalífsins eiga að vera skýrar og gegnsæjar en þær eiga ekki að verða til þess að takmarka um of aðgengi einstaklinga og fyrirtækja að því að reka fjölmiðla.

Því telur stjórn SÍA að rétt hefði verið að leita fleiri leiða, ganga ekki jafn hart fram og gert er í frumvarpinu, að banna fyrirtækjum í óskyldum atvinnugreinum að tengjast með eignaraðild fjölmiðlafyrirtæki. Enn hafa ekki komið fram þær óyggjandi sannanir sem gefa tilefni til lagasetningar í líkingu við þá sem hér er til umræðu.

Það er hins vegar reynsla þeirra aðila sem starfa innan vébanda SÍA að fjölmiðli með veikan rekstrargrundvöll hættir mjög til að grípa til vafasamra ráða til að tryggja stöðu sína. Hér er t.d. átt við vafasamar markaðsaðgerðir til að ná til sín viðskiptum.

Áhrif stærðar á rekstrarumhverfi

Það sama á við rekstrarumhverfi fjölmiðla og um rekstur fyrirtækja almennt, að stöðugleiki í rekstrarumhverfi þeirra er gulls ígildi. Þar sem smæð samfélagsins er sú sem við þekkjum verður þetta enn mikilvægari þáttur í rekstri fjölmiðla en í öðrum löndum. Stærðin skiptir hér höfuðmáli.

Á Íslandi skiptir stærðin meira máli en gengur og gerist í stærri samfélögum. Of stórt - of smátt, um þetta er mjög eðlilegt að setja lög, sérstaklega í því umhverfi sem við búum við nú. En málið er það viðkvæmt og snertir svo marga að stjórn SÍA telur nauðsynlegt að hvetja stjórnvöld til að taka sér meiri tíma í að skoða áhrif löggjafar sem setur slíkar viðskiptahömlur í íslensku samfélagi.

Þar sem áþekk lög hafa verið sett erlendis til að koma í veg fyrir að eignarhald á fjölmiðlum safnist á of fáar hendur, er um að ræða það stór samfélög, að viðkomandi fjölmiðlar hafa getað brugðist við með eðlilegum hætti. Þeir hafa haft svigrúm til að halda áfram ábatasömum rekstri, enda hefur verið tekið tillit til þessa í lagasetningu víða erlendis. Hér á landi er smæð markaðarins hins vegar slíkt að lítið sem ekkert má bregða út af til að fjölmiðlafyrirtæki verði að hætta rekstri vegna rekstrarörðugleika.

Stjórn SÍA telur að hér sé um slíkt hagsmunamál að ræða fyrir fjölmargar atvinnugreinar í landinu að stjórnvöld verði að taka sér meiri tíma til að kanna fleiri kosti í lagasetningu, til að tryggja eðlilegt fjölmiðlaumhverfi á Íslandi.

Fyrir hönd stjórnar SÍA,

Ingólfur Hjörleifsson, framkvæmdastjóri SÍA.